

6. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt er eða skylt að stofnunin gegni greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfín eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. febrúar 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 315 30. ágúst 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. janúar 1979.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa,
nr. 59 3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 151 17. maí 1973.**

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðst hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðst, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðst í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenskra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 35.000.— Ráðherra getur þó veitt efnalitlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

5. liður 5. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

5. Umsóknargjald, kr. 10.000,—

Sé umsókn um einkaleyfi ekki á íslensku, ber umsækjanda enn fremur að senda ráðuneytinu gjald fyrir þýðingu af umsókninni, sem það þá lætur gera. Enn fremur getur ráðuneytið, ef því þykir þess þörf, krafist þess, að umsækjandi afhendi þýðingu á íslensku af þeim fylgiskjölum, er umsókninni fylgja, og því eru send á erlendum tungumálum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, til að öðlast gildi 15. febrúar 1979, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld breyting á reglugerð um sama efni nr. 151 17. maí 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ**um veiðar í þorskfisknet.****1. gr.**

Á tímabilinu 1. febrúar til 15. maí 1979, er óheimilt að stunda veiðar með þorskfisknetum, án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Ráðherra getur bundið leyfi samkvæmt 1. gr. eða úthlutun þeirra, þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a., að ekki fái leyfi skip, er á ákveðnu tímabili hafa stundað aðrar veiðar, eins og t. d. loðnuveiðar.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um mál þau, sem rísa af af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.